



## Hafnarnefnd 17.01.02

Fundur hafnarnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn fimmtudaginn 17. jan. 2002 kl. 12.00 í Miklagarði. Mættir voru Hafþór Róbertsson, Sigurbjörn Björnsson, Ingólfur Sveinsson, Hilmar Jósefsson og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson og ritaði hann fundargerð.

1. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 31. okt. sl. Samþykkt

2. mál. Frumvarp að fjárhagsáætlun 2002. Fjallað um áætlunina og hafnarstjóri gerði grein fyrir helstu stærðum áætlunarinnar. Samþykkt að vísa henni til síðari umræðu í hreppsnefnd.

3. mál. Lagt fram bréf Siglingastofnunar frá 21. des. sl., varðandi framkvæmdaframlög á fjárlögum 2002. Lagt fram til kynningar.

4. mál. Lagt fram bréf frá Hafrannsóknaðstofnun varðandi sýnatökur í tengslum við umhverfismat á brimvarnargarðinum. Sýni hafa verið tekin en niðurstöður liggja ekki fyrir.

5. mál. Raflagnir og lýsing á nýrri viðlegu. Lagðar fram teikningar af fyrirhuguðum raflögnum og lýsingu á nýrri viðlegu. Samþykkt að láta ráðast í gerð heimtaugar og setja upp lýsingu hið fyrsta. Lagt til að svæðið verði lýst upp í báðar áttir og einnig verði gert ráð fyrir rafmagnstengingu fyrir frystigáma. Ennfremur lögð fram drög að teikningum vegna raflagna sem Tangi h/f vinnur að. Hafnarnefnd getur fyrir sitt leyti samþykkt legu raflagnanna, en kallar jafnframt eftir endanlegri hönnun á legu lýsingar, sjólagnar og olíulagnar sem leggja á út á nýju viðleguna.

6. mál. Staða dýpkunnar og hugsanleg aukaverk. Hafnarstjóri skýrði stöðu framkvæmda og kom fram að verki verði lokið um mánaðarmótin febrúar/mars nk. Ennfremur var rætt um hugsanleg aukaverk í dýpkun frá snúningi við Miðbryggju að Ásbryggju. Samþykkt að kannað verði hver kostnaður við slíka dýpkun verður.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ingólfur Sveinsson  
Hafþór Róbertsson  
Bárður Jónasson  
Hilmar Jósefsson  
Sigurbjörn Björnsson